



Alþingi
Erindi nr. P 139/88
komudagur 2.11.2010

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 2. nóvember 2010

**UMSÖGN MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á
ALMENNUM HEGNINGARLÖGUM, NR. 19 FRÁ 12. FEBRÚAR 1940, MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM
(KYNFERÐISBROT), 139. LÖGGJAFARÞING 2010 - 2011, ÞINGSKJAL 49 - 48. MÁL.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot). Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem fjallar um nauðgun. Núgildandi ákvæði hljóðar svo: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innlokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“ Ljóst er að áhersla núverandi ákvæðis laganna beinist einkum að þeirri verknaðaraðferð sem beitt er þegar nauðgun á sér stað, þ.e. ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung. Með frumvarpinu er lagt til að þessi áhersla á verknaðaraðferðina verði felld út úr ákvæðinu og að áhersla lögð á þá verndarhagsmuni sem í húfi eru sem og samþykki eða skort þar á. Tillaga að endurbættu nauðgunarákvæði er því svohljóðandi: „**Hver sem gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.**“ Með breytingunni verður ekki lengur lögð megináhersla líkamlegt ofbeldi tengt nauðguninni heldur verður unnt að beina sjónum einnig að þeim andlegu áverkum sem oft eru alvarlegustu afleiðingar nauðgana.

Mannréttindaskrifstofan lýsir ánægju sinni með frumvarpið og telur það stórt skref í átt að réttarbótum. Með þessum breytingum er felld út það skilyrði að einhvers konar ofbeldi, hótun um ofbeldi eða annars konar ólögmætri nauðung hafi verið beitt við nauðgunina. Þá sýnir frumvarpið einnig þann vilja löggjafarvaldsins að dómstólar þyngi refsingar fyrir kynferðisofbeldi með því að færa lágmarksrefsingu úr einu ári í tvö. Dómstólar hafa til þessa ekki nýtt til hlítar núgildandi refsiramma í þessum málum.

Kynferðisbrot, og kynbundið ofbeldi almennt, er brot gegn mannréttindum og grundvallarfrelsi þolenda sem eru í flestum tilvikum konur og börn. Íslenska ríkið á aðild að fjölda mannréttindasamninga og yfirlýsinga er snerta kynferðisbrot beint og óbeint. Má þar nefna mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948, samning Sameinuðu þjóðanna frá 1979 um afnám allrar mismununar gagnvart konum, samninga um borgaraleg og stjórn málaaleg réttindi og efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 1966 og samning Sameinuðu þjóðanna gegn




MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

pyntingum eða annarri grimmilegri og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 1984. Einnig má nefna yfirlýsingu um afnám ofbeldis gegn konum, sem samþykkt var á 85. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, almennar athugasemdir nefndar um afnám mismununar gagnvart konum nr. 19 og framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna frá árinu 1995 (Pekingáætlunina). Þá ber að nefna mannréttinasáttmála Evrópu og félagsmálasáttmála Evrópu en Evrópuráðið hefur á síðustu árum lagt áherslu á nauðsyn sérstakra aðgerða til að sporna gegn ofbeldi gagnvart konum. Sérstaklega er vakin athygli á tilmælum þings Evrópuráðsins nr. 1582 frá 2002 og tilmælum nr. 1681 frá 2004.

Kynbundið ofbeldi er staðreynd á Íslandi og alþjóðlegar eftirlitsstofnanir á sviði mannréttinda hafa m.a. vakið athygli á því að vægt sé tekið á kynferðisbrotum innan réttarkerfisins. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur lýst áhyggjum sínum yfir miklum fjölda tilkynntra nauðgana samanborið við fjölda saksókna vegna nauðgunar og mælist til þess að yfirvöld tryggi að ekki sé látið hjá líða að refsa fyrir nauðgun. Nefnd sú sem fylgist með framfylgd samnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum hefur einnig lýst áhyggjum sínum af vægum refsingum í kynferðisafbrotamálum, sérstaklega í nauðgunarmálum og skorti á nákvæmum, þ. á m. tölulegum upplýsingum um dóma sem að hafa fallið í kynferðisbrotamálum. Árið 2008 lýsti nefndin einnig áhyggjum sínum af því ósamræmi sem ríkir á milli fjölda rannsakaðra mála í kynferðisbrotamálum og fjölda mála sem að leiða til opinberrar ákæru og dóms. Nefndin hvetur stjórnvöld til að tryggja að heildstæðum úrræðum, jafnt lagalegum sem annars konar úrræðum sé til að dreifa, til að koma í veg fyrir, og bregðast við, ofbeldi gegn konum, einkum ofbeldi á heimilum og kynferðisofbeldi. Hvetur nefndin stjórnvöld til að efla rannsóknir og tölfræðilegar upplýsingar um ástæður og afleiðingar ofbeldis gegn konum og þá sérstaklega tengsl fórnarlamb og geranda og mögulegar ástæður þess að fórnarlömb eru rög við að leggja fram kæru. Nefndin beinir einnig þeim tilmælum til stjórnvalda að þau láti gera heildstæða athugun á skilvirkni íslenska réttarkerfisins þegar kemur að ofbeldisglæpum gegn konum og að í kjölfarið verði refsilöggjöf og lög um meðferð opinberra mála endurskoðuð til að ganga úr skugga um að gerendur séu ávallt sóttir til saka og dæmdir í samræmi við alvöru brots. Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins telur ofbeldi gegn konum einnig alvarlegt vandamál á Íslandi. Í skýrslu sem birt var 14. desember 2005, hvetur hann íslensk stjórnvöld til að efla aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum m.a. með því að fræða fagaðila, þ. á m. lögreglu, ákærvald og dómara um tiltæk úrræði gegn kynbundnu ofbeldi, m. a. nálgunarban og stuðning við fórnarlömb.

Mannréttindaskrifstofan tekur einnig undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu um að núgildandi nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga standist mögulega ekki mannréttindaákvæði um friðhelgi einkalífs. Í ákvæðum um friðhelgi einkalífs sem er að finna í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, ásamt ýmsum mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að, felst m.a. réttur til þess að ráða yfir eigin líkama og hvað manneskjan gerir við hann. Ekki hefur verið talið að í núverandi ákvæði hegningarlaganna um nauðgun sé lögð næg áhersla á þennan rétt og sérstaklega á kynfrelsi einstaklingsins, sem leiðir af réttinum til að ráða yfir eigin líkama. Kynfrelsi hefur verið skilgreint sem réttur einstaklingsins til þess að velja og hafna kynferðislegu samneyti, hvar og hvenær sem er (vísað er hér til skýringar í greinargerð með frumvarpi



MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Þessu). Hingað til hefur of mikil áhersla hefur verið lögð á ofbeldið og afleiðingar þess við rannsókn og saksókn þessara brota og sönnun látin hvíla á þeim tímabundnu áverkum sem koma fram strax eftir að nauðgunin hefur átt sér stað, en ekki þeim langtímaafleiðingum sem koma fram í sálarlífi einstaklingsins til frambúðar. Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli M.C. gegn Búlgaríu kemur skýrt fram að ríki verði að gæta þess að leggja ekki of mikla áherslu aðeins á varnarverka þar sem að hætta sé á að tiltekin nauðgunarbrot verði þannig refsilaus. Dómstóllinn segir; *„...the Court is persuaded that any rigid approach to the prosecution of sexual offences, such as requiring proof of physical resistance in all circumstances, risks leaving certain types of rape unpunished and thus jeopardising the effective protection of the individual's sexual autonomy.....the member State's positive obligation under articles 3 and 8 of the Convention must be seen as requiring the penalisation and effective prosecution of any nonconsensual sexual act, including in the absence of physical resistance by the victim.“*

Það verður að teljast einkennilegt að til þurfi ofbeldi til að nauðgun teljist refsiverð á meðan slík verknaðarlýsing er ekki til staðar þegar um húsbrot er að ræða, sbr. 231. gr. almennra hegningarlaga. Þar er áherslan lögð á skort á samþykki til að fara inn í hús annars manns. Hvergi er minnst á verknaðaraðferð líkt og gert er í núgildandi 194. gr. almennra hegningarlaga.

Mannréttindaskrifstofan telur fyrirliggjandi frumvarp til þess fallið að auka fjölda þeirra mála sem send eru frá lögreglu til ríkissaksóknara og jafnframt fjölda þeirra mála sem að endingu er saksótt í. Með því má telja líkur á að fleiri konur stígi fram og kæri brotamenn sína vegna þess að þær telja meiri líkur á því að kæran dagi ekki bara uppi hjá lögreglunni eða verði felld niður vegna vafa um það hvort að við nauðgunina hafi verið beitt ofbeldi, hótun um ofbeldi eða annars konar ólögð mætri nauðung en ekki aðeins að samþykki konunnar lá ekki fyrir til kynferðismakanna.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri